

25. mars 1982.

301

Nr. 139.

AUGLÝSING

varðandi gin- og klaufaveiki.

Vegna þess að komið hefur upp gin- og klaufaveiki í Danmörku er samkvæmt heimild í lögum nr. 11/1928 um varnir gegn gin- og klaufaveiki, bannað, þar til annað verður ákveðið, að flytja til landsins hvers konar fóðurvörur, afurðir af dýrum, jarðávexti og blóm frá Danmörku.

Brot gegn banni þessu varðar sektum.

Landbúnaðarráðuneytið, 25. mars 1982.

Pálmi Jónsson.

Sveinbjörn Dagfinnsson.

25. mars 1982.

Nr. 140.

AUGLÝSING

um innflutning á blönduðu kjarnfóðri.

1. gr.

Þeir sem flytja inn til landsins blandað kjarnfóður, þar með talið fóður fyrir gæludýr, skulu sjá til þess að hverri sendingu eða hverjum farmi af blönduðu kjarnfóðri fylgi heilbrigðisvottorð frá viðurkenndum heilbrigðisyfirvöldum í því landi sem varan er keypt frá, þar sem komi skýrt fram að í mjölinu eða fóðrinu finnist ekki salmonellasýklar, miltisbrunasýklar eða aðrir sýklar er gætu valdið sjúkdómum í búpeningi.

2. gr.

Óheimilt er að flytja til landsins hverskonar fóður sem inniheldur mjólkur- eða sláturafurðir.

3. gr.

Óheimilt er að flytja til landsins fóður sem að ofan greinir eða skipa því á land hér, nema fyrir liggi þau vottorð sem um getur í 1. gr. Þó má veita undanþágu frá uppskipunarbanni sé fóðrið í tryggum smásöluumbúðum.

4. gr.

Brot gegn ákvæðum þessarar auglýsingar varða sektum og renna sektir í ríkissjóð.